

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Stjórnsýsluhúsinu, Ísafirði (hér eftir „Ísafjarðarbær“), og Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, kt. 500295-2879, Borgarbraut 66, Borgarnesi (hér eftir „Vegagerðin“), gera með sér svohljóðandi

Samkomulag

1. gr.

Aðkoma Vegagerðarinnar

Vegagerðin samþykkir að greiða Ísafjarðarbæ kr. 20.000.000,- sem eru fullnaðarbætur vegna byggingar Bolungarvíkurganga í landi bæjarins í Hnífsdal, þar á meðal vegna skerðingar á aðstöðu Hestamannafélagsins Hendingar (hér eftir Hestamannafélagið) að Búðartúni í Hnífsdal (hér eftir „aðstaðan“). Ísafjarðarbær mun afsala til Vegagerðarinnar landi undir vegsvæði og gangamunna samkvæmt sérstökum samningi og afsali og fer greiðsla samkvæmt framansögðu fram þegar þeim samningi hefur verið þinglýst. Ísafjarðarbær staðfestir með undirritun sinni á þennan samning að ekki verði gerðar frekari kröfur á Vegagerðina um bætur vegna framkvæmda, þar með talið vegna aðstöðunnar, á einn eða annan hátt.

2. gr.

Aðkoma Ísafjarðarbæjar

Þegar greiðsla Vegagerðarinnar sbr. ofangreint hefur verið innt af hendi til Ísafjarðarbæjar mun Ísafjarðarbær nýta upphæðina sem um ræðir, kr. 20.000.000,- til að greiða Hestamannafélaginu skv. samkomulagi sem nú er í vinnslu milli Ísafjarðarbæjar og Hestamannafélagsins.

Ísafjarðarbær staðfestir jafnframt með undirritun sinni undir samkomulag þetta að viðræður munu halda áfram við Hestamannafélagið vegna kröfu Hestamannafélagsins í tengslum við missi aðstöðunnar að Búðartúni og mun áður nefnd greiðsla verða hluti af endanlegu samkomulagi Hestamannafélagsins og Ísafjarðarbæjar.

3. gr.

Annað.

Rísi mál út af samkomulagi þessu skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samkomulag þetta er gert í þremur eintökum og undirritað í votta viðurvist.

Ísafirði, 20. janúar 2017

F.h. Vegagerðarinnar, Vesturlandsumdæmi

F.h. Ísafjarðarbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.
